

DEILISKIPULAG MIÐBÆJAR - DROTTNINGARBRAUTARREITUR

Breyting á deiliskipulagi, Hafnarstræti 73.

Breyting á deiliskipulagi er vegna áforma um að hækka núverandi hús á lóð númer 73 við Hafnarstræti um eina hæð. Breytingin er gerð vegna áforma um að stækka núverandi hótél þannig að í því verði 32 herbergi.

Núverandi hús er á tveimur hæðum auk rishæðar með vegghæð 8,4 m og mænishæð 10,6 m.

Heimilt er að hækka húsið um eina hæð og verður húsið því á þremur hæðum auk rishæðar. Hækkunin er um 2,6 m og verður því vegghæð að hámarki 11,0 m og mænishæð 13,2 m eftir breytingu.

Lóðarstærð er óbreytt eða 600 m². Núverandi byggingarmagn innan lóðarinnar er 568 m² og því er núverandi nýtingarhlutfall 0,95. Hámarks byggingarmagn eftir breytingu verður 780 m² og nýtingarhlutfall verður því að hámarki 1,30.

Þakhalli verður óbreyttur eða 23-25°.


Heimilt er að hafa útbyggingu (stigahús) utan byggingarreits, norðan núverandi byggingar.

Þar sem húsið er byggt fyrir árið 1925 (1923) er skylt að hafa samráð við Minjastofnun Íslands (MI) vegna breytinga á húsinu. Þá er í húsakönnun fyrir Drottningarbrautarreitinn er fjallað um húsið og það talið varðveisluvert sem mikilvægur hluti húsaraðar og götumyndar. Samráð hefur þegar átt sér stað við Minjastofnun Íslands vegna mögulegrar hækkunar hússins og hefur MI samþykkt breytingarnar.


Húsið er innan afmarkaðs hættusvæðis vegna ofanflóða sbr. kafla 1.3.2 (hættusvæði A) og ber að taka mið af því við hönnun og styrkingu bygginga auk þess sem viðhalda ber trjágróðri í brekkunni ofan húsanna.

Gerð er krafa um 1 bílastæði á hverja 75 fermetra í nýbyggingu. Fyrir þau bílastæði sem ekki rúmast innan lóðar skal greiða fyrir í bílastæðasjóð.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 29.05.2012, m.s.br.



Mkv. 1:1000




HLUTI AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2018-2030


- SKÝRINGAR
- Mörk skipulagssvæðis
 - Lóð, byggingar byggðar fyrir 1930
 - Lóð, byggingar byggðar eftir 1930
 - Lóð fyrir nýbyggingar
 - Óbyggt svæði
 - - - Byggingarreitur
 - - - Byggingarreitur fyrir útbyggingar
 - - - Byggingar sem heimilt er að fjárlægja
 - Kvaðir
 - △△△ Bílastæði innan lóða
- GATNAKERFI
- Akbraut
 - Bílastæði
 - Hellulagt yfirborð og hraðahindrun
 - Gangstétt
 - Gróður
- Ákvæði fyrir lóð og/eða byggingarreit
- H Hæðafjöldi
 - VH Vegghæð langhliða
 - MH Mænishæð
 - P Þakhalli
- HÚSAHÆÐIR
- K Kjallari, hálfmíðurgrafinn
 - I, II, III Hæðafjöldi
 - ½ Rishæð
- Byggingar byggðar fyrir 1930
 - Byggingar byggðar eftir 1930
 - Afmörkun hættusvæðis A vegna ofanflóða

ÖNNUR ÁKVÆÐI


Lóð	Lóðstærð	Nýtingarhlutfall	Hæðafjöldi	Stæði í bílageymslu
Hafnarstræti 73	600	1,30	III½	




GILDANDI DEILISKIPULAG, ÖÐLAÐIST GILDI 29.05.2012, M.S.BR.



BREYTT DEILISKIPULAG



BREYTT DEILISKIPULAG. EINFALDÁÐ SNÍÐ-HAFNARSTRÆTI 73. MKV. 1:200



BREYTT DEILISKIPULAG. ÚTLIT Í AUSTUR (FRAMHLIÐ)-HAFNARSTRÆTI 73. MKV. 1:200

-TILLAGA-

AKUREYRARBÆR - DEILISKIPULAG MIÐBÆJAR
DROTTNINGARBRAUTARREITUR - HAFNARSTRÆTI 73
DEILISKIPULAGSBREYTING

KVARÐI-A3: 1:1000	TEIKN NR: 001
DAGS: 08.08.2018	HANNAÐ: Ól / il
FLOKKUR: 6000	TEIKNÁÐ: il
SKRÁ: 16142_dsk-br-2018.dwg	VERKNR: 18107

